

Ípróttá- og tómsfundanefnd

29. ágúst 2018

***Erindi: SFÍ - Vegna uppbyggingasamninga alpasvæðis***

Undanfarin ár hefur Ísafjarðabær veitt fjármuni í uppbyggingasamninga til Skíðafélags Ísfirðinga (SFÍ).

Miklar umræður hafa verið undanfarin misseri um framtíð skíðasvæðanna, staðsetningu þeirra og uppbyggingu. Er þá horft til þess að fara í heildstæða hönnun svæðisins með það að leiðarljósi að tengja betur saman göngu- og alpasvæðin, og hækka barnasvæði alpasvæðisins til að auka líkur þess að komast í tryggari snjóalög.

Nú er svo komið að uppbyggingasamningur SFÍ vegna alpsvæðis gerir ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á barnasvæðinu sem telja verður skammsýn sé horft til þess að farið verði í hönnun svæðisins með það að leiðarljósi að hækka svæðið.

Hönnun skíðasvæðisins kostar umtalsverða fjármuni og það er álit stjórnar SFÍ að nauðsynlegt sé að ljúka þeirri vinnu svo hægt sé að gera raunhæfa uppbyggingasamninga. Það er því okkar tillaga að eftirstöðvar fjámunum uppbyggingasamnings alpasvæðið vegna 2018 og allan styrk ársins 2019 verði varið í að greiða á móti Ísafjarðarbæ fyrir hönnun skíðasvæðisins.

Með þessu vill SFÍ tryggja það að hönnun skíðasvæðisins verði sett í forgang svo hægt sé að hefja uppbyggingu metnaðarfulls skíðasvæðis sem væri bæjarbúum til sóma sem og aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

Fyrir hönd stjórnar SFÍ

Díana Jóhannsdóttir, formaður